

Tillögur að breytingum á fundarsköpum ársfundar ASÍ

Miðstjórn ASÍ leggur til, að fenginni tillögu skipulags- og starfsháttanefndar, að ársfundur ASÍ samþykki fjórar breytingar á lögum sambandsins.

1) Breyting á grein 4.4.

Greinin er svohljóðandi:

- 4.4. Forseti sambandsins má taka til máls eins oft í umræðum um skýrslu forseta og hann óskar. Framsögumaður meiri- eða minnihluta nefndar má taka til máls þrisvar sinnum um málefni það er hann flytur, að hámarki 10 mín. í senn. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar við sömu umræðu um sama mál og í 10 mínútur í senn.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi: (**Viðbót feitletruð**)

- 4.4. Forseti sambandsins má taka til máls eins oft í umræðum um skýrslu forseta og hann óskar. Framsögumaður meiri- eða minnihluta nefndar má taka til máls þrisvar sinnum um málefni það er hann flytur, að hámarki 10 mín. í senn. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar við sömu umræðu um sama mál og í 10 mínútur í senn. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, fundarstjórn eða fundarsköp. **Jafnframt er flutningsmanni tillögu heimilt að taka til máls í lok umræðu um viðkomandi tillögu, þó ekki lengur en í 5 mínútur. Regla þessi gildir um einn úr hópi tillöguflytjenda séu tillöguflytjendur fleiri en einn.**

2) Breyting á grein 5.15

Greinin er svohljóðandi:

- 5.15. Engar atkvæðagreiðslur geta farið fram um tillögur nema á fundi sé staddur minnst helmingur ársfundarfulltrúa sem ekki hafa boðað forföll sín til fundarstjóra sbr. þó grein 5.10. Fari svo, þegar atkvæðagreiðsla skal fara fram á fundi um tillögur, að ekki sé viðstaddur tilskilinn fjöldi ársfundarfulltrúa, skv. 1. málsgrein þessarar greinar, þá skal atkvæðagreiðslan fara fram á næsta fundi sé hann löglegur, skv. 22. grein sambandslaga.

Greinin verði svohljóðandi:

- 5.15. **Atkvæðagreiðslur skuli því aðeins fara fram um tillögur á ársfundi að minnst helmingur ársfundarfulltrúa sem ekki hafa boðað forföll sín til fundarstjóra sé viðstaddur, sbr. þó grein 5.10.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er atkvæðagreiðslan lögmæt með þeim ársfundarfulltrúum sem mættir eru til fundar, hafi fundarstjóri tiltekið og tilkynnt sérstakan tíma fyrir viðkomandi atkvæðagreiðslu með að a.m.k. 30 mínútna fyrirvara.

3) Grein 6.2.

Greinin er svohljóðandi:

- 6.2. Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, þó með eftirfarandi undantekningum.
- Enginn er löglega kosinn í sambandsstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða
 - Ákvæði um kjör fundarstjóra sbr. grein 2.1.

Greinin verði svohljóðandi (**breyting feitletruð**):

- 6.2. Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, þó með eftirfarandi undantekningum.
- Enginn er löglega kosinn í **miðstjórn sambandsstjórn**, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða
 - Ákvæði um kjör fundarstjóra sbr. grein 2.1.

4) Grein 6.7

Greinin er svohljóðandi:

- 6.7. Við allsherjaratkvæðagreiðslu fer hver ársfundarfulltrúi með atkvæði í samræmi við þá tölu félagsmanna sem hann er fulltrúi fyrir þannig:
- Hver atkvæðaseðill hefur talnagildi 25.
 - Félagsmannatölu bak við hvern ársfundarfulltrúa skal deilt með talnagildinu 25.
 - Hver ársfundarfulltrúi fær atkvæðaseðla í samræmi við útkomu í lið b.
 - Fyrir brot úr 25 sem er stærra en 12 1/2 fær fulltrúi einn atkvæðaseðil en út á brot úr atkvæðaseðli sem er minna en 12 1/2 fæst ekki atkvæðaseðill.

Greinin falli út, en í staðinn komi svofelld grein 6.7.

- 6.7. Við atkvæðagreiðslu fer hver ársfundarfulltrúi með atkvæði í samræmi við 30. grein sambandslaga.